

## Ráðstöfun mjólkur og innflutningur

### ÞRÓUN SÖLU MJÓLKURVARA Á LIÐNUM ÁRUM


Heildarsala mjólkurvara í kg og lítrum dróst saman um 3,94% milli árunna 2009 og 2010, í magni er samdrátturinn um 2.427 tonn (þúsundir lítra). Samdrátturinn má að mestu rekja til minni sölu á óunninni mjólk til Mjólkú ehf. Sala óunninnar mjólkur árið 2010 nam um 1,9 millj. lítra en var um 4,0 millj. lítra árið 2009. Sala osta og rjóma jókst milli ára, osta um 257 tonn og rjóma um 8.415 lítra. Sala skyrtegunda vara minnkaði um 200 tonn, viðbits um tæp 43 tonn og dufts 9 tonn.

Tafla 3. Sala mjólkurvara í lítrum og kg á liðnum árum.

VÖRUFLOKKAR	Sala í ltr og kg					Breyting til 2010	
	1995	2000	2008	2009	2010	frá 2000	frá 2009
Mjólk og sýrðar vörur	49.173.814	46.846.306	46.572.130	48.460.627	46.019.573	-1,76%	-5,04%
Rjómi og sýrður rjómi	1.948.610	2.040.739	2.461.910	2.325.416	2.333.831	14,36%	0,36%
Skyrvörur	1.387.218	1.875.837	3.272.560	3.223.418	3.023.405	61,18%	-6,20%
Viðbit	1.656.215	1.518.387	1.802.201	1.900.482	1.857.719	22,35%	-2,25%
Ostar	3.466.138	3.937.832	5.077.619	4.988.189	5.245.193	33,20%	5,15%
Duft	566.017	627.966	645.501	711.929	702.761	11,91%	-1,29%
<b>SAMTALS ALLS</b>	<b>58.198.012</b>	<b>56.847.067</b>	<b>59.831.921</b>	<b>61.610.061</b>	<b>59.182.482</b>	<b>4,11%</b>	<b>-3,94%</b>


### SALA UMREIKNUÐ Í LÍTRA MJÓLKUR MIÐAÐ VIÐ FITU OG PRÓTEIN

Umreiknað á fitu var sala á ferskvörum 42,27% af heildarsölu mjólkurvara árið 2010, hlutfallið er nokkru lægra en árið 2009. Heildarhlutur birgðavaranna viðbits, osta og dufts í umreiknaðri sölu miðað við fitu var 57,73%.



Mynd 3. Hlutfallsleg skipting á sölu mjólkur milli vöruflokka miðað við fitu árið 2010.

Hlutur ferskvara umreiknað á próteingrunn var um 50,29% og lækkaði um 2,07% af heildinni milli ára. Heildarhlutur birgðavaranna var 49,71% árið 2010 í umreiknaðri sölu miðað við prótein. Tilfærslan milli ferskvara og birgðavara skýrist einkum af minni sölu mjólkur til Mjólkú og lækkun skráðrar sölu á ostum á móti.



Mynd 4. Hlutfallsleg skipting á sölu mjólkur milli vöruflokka miðað við prótein árið 2010.

#### HEILDARSALA UMREIKNUÐ Á FITU OG PRÓTEIN

Sala árið 2010 umreiknuð á fitu var 110,7 milljónir lítra. Samdráttur milli ára reiknast um var 4,9 milljónir lítra. Sala umreiknuð á prótein árið 2010 var um 114,7 milljón lítra og samdráttur milli ára reiknast 2,9 milljónir lítra milli ára. Árið 2010 voru stuðlar sem umreikna sölu mjólkurafurða endurskoðaðir vegna mikillar breytingar á fitu- og próteininnihaldi innvigaðrar mjólkur. Einkum hefur fituinnihald mjólkur aukist síðustu árin og af þeim sökum hafa umreiknistuðlar ekki gefið rétta niðurstöðu um notkun mjólkur í mjólkurafurðir. Endurskoðun á umreiknistuðlunum skýrir um 40% af reiknaðri lækkun á sölu umreiknaðri miðað við fitu og prótein.

Tafla 4. Sala almanaksáranna 1994 til 2010 umreiknuð í lítra mjólk miðað við fitu og prótein.

Ár	Sala umreiknuð í lítra mjólkur		Mismunur a) - b)
	a) m.v. fitu	b) m.v. prótein	
1994	100.371.827	100.676.081	-304.254
1995	99.672.749	100.589.877	-917.128
1996	99.235.580	101.502.943	-2.267.363
1997	98.132.786	102.679.047	-4.546.261
1998	99.653.460	102.949.213	-3.295.753
1999	98.859.848	103.535.918	-4.676.070
2000	97.973.767	105.980.738	-8.006.971
2001	98.225.242	107.972.717	-9.747.475
2002	96.754.124	106.209.452	-9.455.328
2003	96.755.539	107.391.804	-10.636.265
2004	98.649.788	109.538.183	-10.888.395
2005	100.768.328	112.315.513	-11.547.185
2006	103.870.701	113.207.615	-9.336.914
2007	108.695.040	114.880.974	-6.185.088
2008	112.296.910	117.119.187	-4.822.277
2009	115.578.564	117.667.979	-2.089.415
2010	110.657.216	114.696.290	-4.039.074
<b>Breyting frá 2009</b>	<b>-4,26%</b>	<b>-2,53%</b>	<b>-16,24%</b>

## SALA DRYKKJARMJÓLKUR

Heildarsala á Drykkjarmjólk (Nýmjólk, léttmjólk, undanrenna og fjörmjólk) var 31,7 milljónir lítra árið 2010 og minnkaði um 901 þúsund lítra frá árinu 2009. Árið 2009 var fyrsta árið í rúm tíu ár sem sala drykkjarmjólkur minnkaði ekki, það ár virðist vera undantekning. Sala drykkjarmjólkur minnkaði um tæpa 500 þús. lítra að meðaltali árin 2001-2008, það er svipaður samdráttur og er að meðaltali árin 2009 og 2010.

Tafla 5. Þróun sölu drykkjarmjólkur 1995 til 2010.

Vörutegundir	1995	2000	2008	2009	2010	Breyting frá 1995	Breyting frá 2009
Drykkjarmjólk, lítrar	39.742.732	36.475.849	32.528.023	32.635.474	31.734.388	-20,15%	-2,76%
SAMTALS m.v. fitu	27.309.015	22.541.960	19.319.722	19.425.246	18.782.886	-31,22%	-3,31%
SAMTALS m.v. prótein	41.334.135	38.435.063	33.244.625	33.310.591	32.850.555	-20,52%	-1,38%

## INNFLUTNINGUR

Innflutningur mjólkurvara minnkaði um 20 tonn milli árana 2009 og 2010. Samdrátturinn var mestur í innflutningi á ferskvörum, eða 17 tonn.

Innflutningur mjólkurafurða hefur farið minnkandi síðustu þrjú ár. Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði reikna árlega áætlun um hvað innflutningur mjólkurvara svarar til mikillar mjólkur. Á próteingrunni reiknaðist innflutningur árið 2010 um 1,5 milljónir lítra en var árið 2009 um 1,6 milljón lítra. Árið 2010 voru einnig flutt inn 112 tonn af jurtaþeytu í rjómalíki, 120 tonn af ostlíki og 289 tonn af sojasafa (vörur úr jurtafitu og öðrum hráefnum sem misnota nöfn mjólkurvaranna rjóma, osts og mjólkur).

Tafla 6. Innflutningur mjólkurvara á árunum 1995 til 2010, tonn.

Vöruflokkur	1995	2000	2008	2009	2010	Breyting frá 1995	Breyting frá 2009
Ferskvörur	10	394	63	62	46	361 %	-26 %
Ostur	42	162	197	151	144	242 %	-5 %
Duft	0	0	7	3	6	100 %	98 %
<b>SAMTALS</b>	<b>52</b>	<b>556</b>	<b>267</b>	<b>216</b>	<b>196</b>	<b>277 %</b>	<b>-9 %</b>

Heimild: Hagstofa Íslands

## ÚTFLUTNINGUR


Flutt voru út um 530 tonn af smjöri og 625 tonn af undanrennudufti árið 2010. Útflutningur á skyri jókst um 23% milli ára og var 155 tonn árið 2010.

Tafla 7. Útflutningur mjólkurvara á árunum 1995 til 2010, tonn.

Vöruflokkur	1995	2000	2008	2009	2010	Breyting frá 1995	Breyting frá 2008
Ferskvörur	0	14	143	126	155	100%	23%
Viðbit	89	236	823	587	530	495%	-10%
Ostur	0	0	2	4	3	100%	-25%
Duft	0	106	855	550	625	100,00%	-14%
<b>SAMTALS</b>	<b>89</b>	<b>356</b>	<b>1.823</b>	<b>1.267</b>	<b>1.313</b>	<b>1.475%</b>	<b>4%</b>

## BIRGÐIR VIÐBITS, OSTA OG DUFTS

Ostbirgðir í landinu jukust um 123 tonn árið 2010, birgðir í árslok voru 1.447 tonn en voru 1.324 tonn í ársbyrjun. Viðbitsbirgðir jukust um 33 tonn árið 2010 og voru í árslok 179 tonn. Birgðir dufts minnkuðu um 26 tonn árið 2010 og voru 367 tonn í árslok.



Mynd 5. Þróun birgðastöðu á viðbiti, ostum og dufti á árunum 2000 til 2010.

## BIRGÐIR OG UMREIKNUÐ RÁÐSTÖFUN MIÐAÐ VIÐ FITU

Birgðaaukning árið 2010 var 7,7% miðað við fitu, eða um 1,0 milljónir lítra. Útflutningur nam um 11,1 milljónum lítra umreiknað á fitu og minnkaði um 1,6 milljónir lítra frá fyrra ári.

Tafla 8. Framleiðsla og ráðstöfun mjólkur árin 1999 til 2010 umreiknað í lítra af mjólk miðað við fitu.

Ár	Umreiknað í lítra mjólk m.v. fitu					
	Birgðir í upphafi	Innvegin mjólk	Seldar afurðir	Útflutningur	Birgðir í lok	Mismunur
1999	20.682.844	107.195.929	98.859.848	13.002.787	16.299.806	-283.668
2000	16.299.806	104.024.730	97.973.767	5.055.905	15.803.496	1.491.368
2001	16.028.978	106.149.593	98.225.242	12.183.156	12.354.160	-583.987
2002	12.313.930	110.761.076	96.754.124	13.111.278	13.899.793	-690.189
2003	13.899.793	108.384.120	96.755.539	14.098.246	11.010.804	419.324
2004	11.024.924	112.029.504	98.649.788	9.745.922	15.131.342	-472.624
2005	15.131.342	109.445.194	100.768.328	13.255.110	11.394.989	-841.891
2006	11.394.989	117.062.454	103.870.701	11.642.829	12.855.569	88.343
2007	12.855.569	124.816.835	108.696.926	14.378.779	15.761.108	-1.163.409
2008	15.761.108	126.051.629	112.296.910	17.807.831	12.529.694	-821.698
2009	12.529.694	125.569.461	115.578.564	12.717.748	13.231.296	-3.428.453
2010	12.766.209	123.178.275	110.657.216	11.111.916	14.255.427	-80.075
<b>Breyting frá 2009</b>	<b>1,89%</b>	<b>-1,90%</b>	<b>-4,26%</b>	<b>-12,63%</b>	<b>7,74%</b>	<b>-97,66%</b>

## BIRGÐIR OG UMREIKNUÐ RÁÐSTÖFUN MIÐAÐ VIÐ PRÓTEIN

Birgðir umreiknaðar í lítra mjólkur miðað við prótein jukust um 0,8 milljónir lítra árið 2010 eða um 4,23%. Útflutningur var um 8,6 milljónir lítra á próteingrunni og jókst um 0,8 milljónir lítra milli ára.

Tafla 9. Framleiðsla og ráðstöfun mjólkur árin 1999 til 2010 umreiknað í lítra af mjólk miðað við prótein.

Ár	Umreiknað í lítra mjólk m.v. prótein					
	Birgðir í upphafi	Innvegin mjólk	Seldar afurðir	Útflutningur	Birgðir í lok	Mismunur
1999	17.017.965	107.195.929	103.535.918	2.237.402	19.443.434	-1.002.860
2000	19.443.434	104.024.730	105.980.738	1.659.352	16.823.012	-994.938
2001	16.516.890	106.149.593	107.972.717	851.856	14.503.100	-661.190
2002	14.290.404	110.761.076	106.209.452	900.156	19.083.316	-1.141.444
2003	19.083.316	108.384.120	107.391.804	2.435.346	18.400.040	-759.754
2004	18.199.134	112.029.504	109.538.183	2.989.756	17.881.102	-180.403
2005	17.903.737	109.445.194	112.315.513	1.620.802	12.864.203	548.413
2006	12.864.203	117.062.454	113.207.614	1.064.256	15.500.993	153.794
2007	15.500.993	124.816.835	114.880.974	3.888.984	22.036.295	-488.424
2008	22.036.295	126.051.629	117.119.187	11.752.216	19.119.369	97.152
2009	19.119.369	125.569.461	117.667.979	7.798.665	19.817.498	-595.312
2010	19.793.402	123.178.275	114.696.290	8.635.410	20.656.645	-1.016.668
<b>Breyting frá 2009</b>	<b>3,53%</b>	<b>-1,90%</b>	<b>-2,53%</b>	<b>10,73%</b>	<b>4,23%</b>	<b>70,78%</b>